



# Sjálfsmatsskýrsla

## Menntaskólans við Hamrahlíð

### Árið 2017



## Efnisyfirlit

|        |   |    |
|--------|---|----|
| 1      | Inngangur .....   | 1  |
| 2      | Lýsing á starfsemi .....  | 2  |
| 2.1    | Nemendur .....  | 2  |
| 2.1.1  | Útskriftarnemar .....   | 2  |
| 2.1.2  | Listdansskólarnir.....  | 3  |
| 2.1.3  | Námstími nemenda .....  | 4  |
| 2.2    | Starfsfólk.....   | 4  |
| 2.2.1  | Starfsánægja í MH .....   | 4  |
| 2.3    | Húsnæði.....  | 5  |
| 2.3.1  | Bókasafnið .....  | 6  |
| 2.3.2  | Matsalan Sómalía .....  | 6  |
| 2.4    | Kennslustundir og áfangar .....                                       | 6  |
| 2.5    | Kennslukerfið Inna.....   | 7  |
| 2.6    | Fjármál.....  | 8  |
| 2.7    | Kennslukannanir.....  | 8  |
| 2.8    | Tölulegar upplýsingar .....   | 9  |
| 2.8.1  | Fjöldi nemenda.....   | 10 |
| 2.8.2  | Aldur nemenda.....  | 10 |
| 2.8.3  | Fjöldi útskrifaðra nemenda í MH frá hausti 2014 – vors 2018.....      | 10 |
| 2.9    | Nýnemar.....  | 12 |
| 2.9.1  | Árangur nýnema í fyrstu áföngum í íslensku, stærðfræði og ensku ..... | 13 |
| 2.10   | Námsbrautir.....  | 14 |
| 2.10.1 | IB-brautin.....   | 15 |
| 2.11   | Stöðumat .....  | 15 |
| 2.12   | Skólasókn.....  | 15 |
| 2.13   | Afföll og nýtingarhlutfall.....                                       | 16 |
| 2.14   | Náms- og starfsráðgjöf .....  | 17 |
| 2.15   | Námsverið .....   | 18 |
| 2.16   | Sálfræðingur .....  | 18 |
| 2.16.1 | Skólapúlsinn.....   | 18 |
| 2.17   | Umhverfismál .....  | 19 |
| 2.18   | Jafnréttismál.....  | 19 |
| 2.19   | Heilsueflandi framhaldsskóli .....                                    | 21 |
| 3      | Samantekt og umbætur .....  | 21 |
| 3.1    | Verkefni skólaársins 2018 – 2019.....                                 | 21 |



## 1 Inngangur

Menntaskólinn við Hamrahlíð er rótgróinn skóli, byggður upp af kraftmiklu starfsfólki og nemendum. Skólinn hefur starfað sem áfangaskóli frá 1972 og var fyrirmynd margra annarra framhaldsskóla sem tóku upp áfangakerfi. Við skólann starfa u.þ.b. 120 starfsmenn og nemendur eru um 1200 talsins. Brautir skólans eru 6 auk IB-alþjóðlegrar námsbrautar og sérnámsbrautar. Fjölmennasta námsbrautin er opin braut með rúmlega 500 nemendur og náttúrufræðibraut fylgir á eftir með tæplega 300 nemendur. Á opinni braut velja nemendur sér sjálfir kjörsvið og hanna brautina eftir sínu áhugsviði innan fyrir fram ákveðins ramma sem hæfir undirbúningi þeirra fyrir frekara nám. Listdansbraut og tónlistarbraut eru kenndar í samstarfi við listdanskólana og tónlistarskólana. Nýlega hófst samstarf við Menntaskólann í tónlist þar sem MH sér þeim nemendum fyrir almennum bóklegum hluta námsins. Breytingar eru í farvatninu með listdansbrautina en allt fyrirkomulag listdansnáms er í endurskoðun hjá mennta- og menningarmálaráðuneyti. Áfangar skólans eru í stöðugri endurskoðun og þróun og fjölbreytni er mikil. Með styttingu stúdentsprófsins þarf að fylgjast vel með áfangaframboði með það í huga að halda inni efri áföngum í tungumálum og raungreinum. Mikið tungumálaframboð og fjöldi áfanga í hverju tungumáli hefur verið ein af sérstöðum skólans og laðað að fjölbreyttan hóp nemenda. Erfiðara er að fá nemendur til að taka efri áfanga í tungumálum og valáfanga í raungreinum þar sem þeir eru að reyna að ljúka náminu á þremur árum, frekar en þremur og hálfu eða fjórum og er það visst áhyggjuefni. Stór hópur nemenda kys að útskrifast með fleiri einingar til að vera betur undirbúinn fyrir frekara nám á háskólastiginu. Nauðsynlegt er að skoða námstíma til stúdentsprófs og hversu lengi nemendur eru að ljúka prófi í nýju kerfi og skoða hvaða áhrif það hefur á áfangaframboð.

Skólinn er undir stöðugu eftirliti og aðhaldi starfsmanna, nemenda og forráðamanna þeirra. Þeir fylgjast vel með því sem er að gerast hverju sinni og benda á það sem betur má fara en draga einnig fram það sem vel er gert.

Ytra mat var framkvæmt 2016 og þar komu fram atriði sem lögð hefur verið áhersla á að bæta úr. Þetta eru t.d. áfangalýsingar, uppbyggingar brauta, merkingar innanhúss og heimasíða skólans svo eitthvað sé nefnt.

Stefnuskjal skólans inniheldur ýmis markmið sem unnin eru samhliða sjálfsmati skólans. Markmiðin tengjast markmiðum málaflokksins og tengjast m.a. því að fleiri nemendur ljúki prófi úr framhaldsskóla á tilskildum tíma og að auka starfsánægju.

Aðferðir við sjálfsmat í MH eru m.a. töluleg gagnarýni, almennar umræður á fundum kennara og starfsmanna, kannanir, skýrslur og úttektir. Skólaþing sem haldið er með nemendum á vorönn hefur reynst vel sem innlegg í ýmiss konar umræðu. Að sjálfsmatinu koma margir aðilar innan skólans s.s. stjórnendur, kennarar, náms- og starfsráðgjafar, annað starfsfólk og nemendur. Umsjón með sjálfsmati hefur konrektor ásamt sjálfsmatnefnd skólans.

Helstu áhersluatriði þessarar skýrslu sem nær yfir árið 2017 og til vors ársins 2018:

- Nemendur.
  - Móttaka nýnema
  - Sálfræðingur
  - Náms og starfsráðgjöf
  - Hafragrauturinn
  - Veikindaskráning í Innu
- Starfsfólk
  - Nýir skrifstofustólar
  - Upphækkuð vinnuborð á skrifstofur
  - Fartölvuvæðing - 365
- Umhverfismál

- Skólalóðin – fella tré
- Eftirlit í hádegishléi
- Húsnæði
  - Hljóðvist löguð á kennarastofu
  - Merkingar innan skólans
  - Veggur tekinn niður á Matgarði
  - Snjómokstur á lóðinni
- Heimasíða
  - Ný síða
  - Uppfærð reglulega
  - Flutningur gagna og tiltekt í gömlum gögnum
- Inna og upplýsingaflæði til nemenda
  - Námsáætlanir í Innu
  - Notkun Innu
  - Aðgangur forráðamanna í gegnum rafræn skilríki

## 2 Lýsing á starfsemi

Menntaskólinn við Hamrahlíð er framhaldsskóli í Reykjavík og starfar skv. *Lögum um framhaldsskóla nr. 92 frá 2008*.

Hlutverk skólans, er samkvæmt samningi við mennta- og menningarmálaráðuneyti, kennsla til stúdentsprófs á bóknámsbrautum óbundins áfangakerfis. Starfræktar eru eftirfarandi brautir við skólann skv. framhaldsskólalögum frá 2008 og aðalnámskrá leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla 2011. Þessar brautir eru félagsfræðabraut ný námskrá, málabraut ný námskrá, náttúrufræðibraut ný námskrá, opin braut ný námskrá, tónlistarbraut ný námskrá og listdansbraut ný námskrá. Að auki er boðið upp á IB-nám samkvæmt sérstakri námskrá *International Baccalaureate Organisation*, þ.e. nám til samræmds alþjóðlegs stúdentsprófs. Einingafjöldi á brautum skólans er 215. Upplýsingar um skipulag þessara brauta má finna á vef skólans <https://www.mh.is/is/namid/namsbrautir/namsbrautir-fra-hausti-2016>. Allir nemendur skólans stunda nú nám skv. framhaldsskólalögum frá 2008.

Þar sem tilvísunin „ný námskrá“ á ekki lengur við þá er það eitt af verkefnum fyrir vor 2019 að taka þann hluta nafnsins í burtu.


### 2.1 Nemendur

Nemendafjöldi í MH í janúar 2017 var 1073 og í byrjun september var nemendafjöldi 1230, þar af voru 267 nýnemar.

Markmið: Ársnemendafjöldi sé í samræmi við fjárlög hvers árs

#### 2.1.1 Útskriftarnemar

Útskrifaðir stúdentar voru alls 342 árið 2017. Vorið 2017 útskrifuðust 159 nýstúdentar og 183 í desember 2017. Jólaútskriftin 2017 var stærsta jólaútskrift til þessa. Ein ástæða þess var að einungum til stúdentsprófs var fækkað úr 225 í 215 haustið 2017, þannig að nemendur sem voru komnir með 215 einingar vorið 2017 geymdu sína útskrift til jóla. Þeir sem vildu gátu hafið háskólanám þó að formlegri útskrift væri ekki lokið.



Mynd 1 Fjöldi útskriftarnema eftir önnum frá hausti 2014 til vors 2018

### Markmið: Auðvelda nemendum að útskrifast á þremur árum


#### 2.1.2 Listdansskólarnir

Skólinn er kjarnaskóli fyrir listdans og sér um ut anumhald og skráningu á áföngum og einingum í listdansi fyrir alla framhaldsskóla.

|                              | vor 2017 |          |                | haust 2017 |          |                | vor 2018 |          |                |
|------------------------------|----------|----------|----------------|------------|----------|----------------|----------|----------|----------------|
|                              | fjöldi   | einingar | Einingar / nem | fjöldi     | einingar | Einingar / nem | fjöldi   | einingar | Einingar / nem |
| Listdansskóli Íslands        | 25       | 361      | 14             | 17         | 268      | 16             | 19       | 281      | 15             |
| Listdansskóli JSB            | 44       | 693      | 16             | 41         | 384      | 9              | 45       | 680      | 15             |
| Klassíski listdansskólinn    | 2        | 25       | 13             | 12         | 146      | 12             | 10       | 124      | 12             |
| Listdansskóli Reykjanesbæjar | 4        | 32       | 8              | 6          | 50       | 8              | 6        | 55       | 9              |

Mynd 2 Fjöldi nemenda í listdansi og einingar sem þeir tóku yfir þriggja anna tímabil

Árið 2017 voru skráðar einingar frá Listdansskóla Íslands hjá 25 nemendum á vorönn og 17 á haustönn. Frá Listdansskóla JSB voru skráðar einingar hjá 44 nemendum að vori og 41 að hausti. Frá Klassíska listdansskólanum voru skráðar einingar hjá 2 nemendum að vori og 12 að hausti og frá Listdansskóla Reykjanes (Bryn Ballett Academy) voru skráðar einingar frá 4 nemendum að vori og 6 nemendum að hausti. Nemendur á listdansbraut MH voru 31 á vorönn og 36 á haustönn.




Mynd 3 Meðalfjöldi eininga sem nemendur tóku í hverjum listdansskóla fyrir sig

### 2.1.3 Námstími nemenda

Eitt af markmiðum skólans (skv. stefnuskjali til ríkisaðila) er að hækka hlutfall þeirra sem ljúka stúdentsprófi frá MH á þremur eða þremur og hálfu ári frá innritun í MH haustið eftir námlok grunnskóla. Námskipulag námsbrauta gerir ráð fyrir að nemendur getið lokið námi á þremur árum. Lítið er til námstíma þeirra sem stunda allt námið í MH, þ.e. ekki til þeirra sem flytja sig á milli skóla, til að fá trúverðugan mælikvarða. Nokkuð stór hópur nemenda flutti sig á milli kerfa, þ.e. af fjögurra ára námsbrautum og yfir á nýjar stúdentsbrautir. Enn sem komið er eru niðurstöður ekki marktækar en gefa hins vegar vísendingar um námstímann. Samkvæmt nemendaskrá voru 342 stúdentar brautskráðir á vor- og haustönn 2017. Meðalnámstími þessa hóps var 7 annir en rúm 29% útskriftarnemenda luku námi á 3 árum eða skemur. Það er í samræmi við það markmið sem kom fram í árlegu stefnuskjali. Þegar fram í sækir verða gögnin áreiðanlegri þar sem útskriftarárgangar munu vera samsettir af nemendum sem komu beint úr grunnskóla inn á þriggja ára stúdentsbrautir.

## 2.2 Starfsfólk


Við skólann starfa 80 til 90 kennarar á hverri önn, 3 yfirstjórnendur (rektor, konrektor og áfangastjóri), 1 fjármálastjóri, 3 námstjórar (sem jafnframt eru kennarar), 1 deildarstjóri sérnáms, 1 sérkennari sérnáms, 1 deildarstjóri IB náms, 4 námsráðgjafar í tæpum 3 stöðugildum, 1 sálfræðingur, 2 sérkennarar og táknaálmáttúlkar, 2 bókasafnsfræðingar, 2 starfsmenn á skrifstofu, 1 og 1/2 kerfis- og tækjastjóri, 1 og 1/2 húsvörður og 10 – 12 ræstitækjar. Heildarfjöldi starfsmanna er að jafnaði um 120.



Mynd 4 Aldursdreifing starfsmanna haust 2017

### 2.2.1 Starfsánægja í MH

Eitt af markmiðum MH er að auka starfsánægju starfsmanna og þau gögn sem eru lögð til grundvallar er könnunin Stofnun ársins og starfsmannasamtöl. Árið 2016 varð skólinn í 30. sæti af sextíu stofnunum sem tóku þátt með einkunnina 3,86. Meðaleinkunn var 3,98 árið 2017 en skólinn varð í 31. sæti af 85 stofnunum. Það verður að teljast nokkur framför þar sem þátttaka stofnana jókst á milli ára og meðaleinkunnin hækkaði um 0,12. Í viðmiði fyrir 2018 hefur skólinn sett sér það markmið að vera í efstu 40% þátttakenda. Sá þáttur sem kom best út var sjálfstæði í starfi þar sem einkunnin var 4,56 en lægst var einkunnin fyrir launakjör, 3,12.



Mynd 5 Samanburður á milli ára á atriðum sem könnuð voru í Stofnun ársins

Til þess að auka starfsánægju er búið að koma starfsmannasamtölum í reglubundið ferli og mun allt starfsfólk fara í starfsmannasamtal á a.m.k. tveggja ára fresti. Hluti af því að auka starfsánægju er að miðla með markvissari hætti upplýsingum innanhúss um það sem er að gerast í skólastarfinu, t.d. með vikupistlum rektors. Einnig var bryddað upp á þeirri nýjung að vera með innanhússkennsluráðstefnu þar sem kennarar kynntu fagleg efni tengd kennslu. Markmiðið er að auka umræðu um kennslufræði í MH og hvetja um leið til faglegs samstarfs. Einnig hefur skólinn sett sér það markmið að senda starfsfólk á fagráðstefnur erlendis á hverju ári en auglýst var eftir umsóknum að hausti, t.d. á BETT. Ofangreindar aðgerðir miða að því að auka starfsánægju og auka samstarf.

**Markmið:** Auka starfsánægju.

### 2.3 Húsnæði

Húsnæði skólans er ríflega 10.000 fermetrar að stærð. Húsið skiptist í eldra hús sem er um 7000 fermetrar og nýrri byggingu (frá árinu 2007) sem er um 3000 fermetrar. Kennslustofur eru 38 þar með talið kennslueldhús og raungreinastofur. Auk þess eru kór og leiklist kennd í hátíðarsal skólans sem nefnist Mikligarður. Í nýrri byggingunni eru auk þess þrír misstórir líkamsræktarsalir og þrektækjasalur. Aðgengi fyrir fatlaða/hreyfihamlaða er gott í skólanum, bæði að kennslustofum og almennum rýmum. Lyftur eru á þremur stöðum í skólanum sem nemendur og starfsfólk hefur aðgang að. Auk þess eru skábrautir þar sem við á.

Stofunýting er mjög góð. Erfitt er finna lausar kennslustofur á kennslutíma þar sem stofur eru oftast allar uppteknar til kl. 16:15 á daginn. Norsku- og sænskukennsla fer fram eftir kl. 16:15 og einnig hafa listdansskólar (Listdansskóli Íslands, Klassíski dansskólinn, JSB og BRYN) og Siðmennt nýtt kennslurými eftir að hefðbundinni kennslu lýkur. Nemendafélagið og nemendur nýta stofur skólans fyrir ákveðna starfsemi en sótt er sérstaklega um afnot á skrifstofu. Norðurkjallari er í umsjón nemendafélagsins og er hann nýttur í ýmsa viðburði tengda félagslífi nemenda.

Á hverju ári er gerð framkvæmdaáætlun sem miðar að því að bæta aðbúnað og vinnuaðstöðu nemenda og starfsfólks. Nokkuð hefur verið um viðhald á húsnæðinu og húsgögn verið endurnýjuð. M.a. er búið að laga hljóðvist á kennarastofu, stólar endurnýjaðir á vinnustofum kennara, kennslurými og gangar málaðir. Auk þess var milliveggur rifinn á Matgarði til að opna svæði nemenda og gera rýmið bjartara. Einnig var ráðist í að lagfæra innanhússmerkingar þannig að nemendur, gestir og gangandi eigi auðveldara með að rata um skólann. Gerður var samningur við verktaka um reglulegan snjómokstur og sanddreifingu á bílastæðum í samræmi við óskir starfsmanna og



nemenda. Á vorönn 2018 voru stórar aspir felldar á framlóð skólans þar sem þær voru farnar að ógna skolplögnum skólans.

**Markmið:** Að bæta aðbúnað og umhverfi starfsmanna og nemenda.

### 2.3.1 Bókasafnið


Nemendur skólans geta fengið vinnu á bókasafninu þegar þeir eru með eyður í stundatöflu. Um 13 nemendur sinna þessu starfi í samtals um 40 stundir á viku. Notkun á safngögnum er svipuð milli ára, tæp 9000 útlán. Þar af eru um 6500 innanhússlán þar sem kennslubækur, orðabækur, tæki og tól eru lánuð. Þar af eru útlán á tækjum, þ.e. tölvum, heyrnartólum og reiknivélum rúmlega 3000.

Notkun á vinnuaðstöðu var svipuð milli ára. Bókasafnið er ágætlega nýtt meira og minna allan daginn.

[Úrdráttur úr ársskýrslu safnsins má finna á heimasíðu skólans.](#)

### 2.3.2 Matsalan Sómalía

Í matsölu nemenda starfa nemendur ásamt matsölustjóra. Nemendur hafa verið duglegir að vinna og hefur verið eftirsóknarvert að fá vinnu í Sómalíu. Undanfarnar annir hefur borið á því að nemendur sækist minna eftir vinnunni. Nemendur hafa einfaldlega mun fleiri tíma í töflu en áður og hafa því minni tíma til að sinna öðru.



Mynd 6 Nemendum sem vinna í matsölunni hefur fækkað.


## 2.4 Kennslustundir og áfangar

Fjöldi kenndra áfanga á árunum 2016 og 2017 er sá sami en hópum hefur fækkað og þar með tímum.

|             | Áfangar | Hópar | Tímar |
|-------------|---------|-------|-------|
| <b>2016</b> | 216     | 336   | 1763  |
| <b>2017</b> | 216     | 326   | 1683  |

Meðalfjöldi kennslustunda í dagskóla, samkvæmt kennsluskiptingu, var ca. 1683 samanborið við 1763 árið áður sem er 4,5 % fækkun kennslustunda á milli ára. Mest er fækkunin á hópum í erlendum tungumálum eða 10,6% og mest er fjölgun á hópum í íslensku eða um 5%. Það þarf að fylgjast sérstaklega vel með efri áföngum í erlendum tungumálum svo þeir haldist inni í áfangaframboði. Gripið hefur verið til þess ráðs að kenna suma efri áfanga á skertum tíma. Ferðaáfangar í erlendum tungumálum hafa verið vinsælir og hefur það jákvæð áhrif á val nemenda. Í ferðaáföngum var viðmiðið að nemendur þyrftu að vera orðnir 18 ára en núna hefur

Því verði breytt í að þeir verði að verða 18 ára á árinu. Þetta er líka einn fylgifyskur styttingar námstíma til stúdentsprófs.



Mynd 7 Fjöldi áfanga og hópa í hverri deild fyrir sig, samanburður milli vor- og haustannar 2017


**Markmið:** Að bjóða upp á fjölbreytt áfangaframboð.

## 2.5 Kennslukerfið Inna

Ýmislegt hefur breyst í Innu bæði í stjórnunarhlutanum og í kennsluhlutanum. Gagnvart nemendum, foreldrum og forráðamönnum ber helst að nefna eftirfarandi:

- Foreldrar hafa aðgang að Innu barna sinna með rafrænum skilríkjum eða Íslykli.
- Veikindaskráning fyrir nemendur yngri en 18 ára er í gegnum Innu. Foreldrar og forráðamenn skrá veikindi barna sinna beint í Innu og þurfa þau ekki að skila vottorði frá lækni.
- Veikindaskráning á prófatíma er í gegnum Innu og gildir fyrir alla nemendur.
- Skráning sérúrræða fyrir nemendur á prófatíma fer fram í gegnum Innu.

Hlutfall kennara sem notar kennslukerfið er í kringum 75% og hlutfall kennara sem nota verkefnaskráningu er í kringum 50%. Eftir því sem fleiri kennarar nota verkefnaskráningu því auðveldara verður fyrir foreldra, forráðamenn, námsráðgjafa og nemendur að fylgjast með álaginu sem er á þeim yfir önnina.



**Markmið:** Auka notkun á Innu, bæði kennsluhluta og stjórnunarhluta.

## 2.6 Fjármál

Heildarútgjöld skólans á árinu 2017 voru 1.407,6 millj. kr. sem var 42,6 millj. kr. minna en nam tekjum eins og þær birtast í uppgjöri ársins. Því batnaði rekstrarstaða skólans á árinu sem nemur þessari fjárhæð, þ.e. staðan í árslok breyttist úr 600 þús. kr. í 43,2 millj. kr. Í rekstraráætlun fyrir 2018 er gert ráð fyrir 1,5 millj. kr. rekstrarafgangi. Eitt sem tekur verulega í hjá skólanum þessi árin er hve margir kennarar hafa náð sextugsaldri og njóta þar af leiðandi hámarkskennsluafsláttar. Það sem af er öldinni hefur fjöldi þessara kennara farið úr 7 í rúmlega 30 og er síðarnefnda talan langt yfir meðalhutfalli framhaldsskólakennara á þessum aldri. Reiknilíkan ráðuneytisins fyrir fjárveitingar til einstakra framhaldsskóla er án þessarar breytur. Annar þáttur sem hefur einnig veruleg áhrif eru langtímaveikindi starfsmanna sem því miður hafa verið nokkur á tímabilinu.

**Markmið:** Reka skólann innan fjárheimilda.


## 2.7 Kennslukannanir

Kennslukannanir eru framkvæmdar á hverri önn og er skipt eftir deildum. Allar námsgreinar gangast undir kennslukannanir á þriggja anna fresti til að fá endurgjöf frá nemendum um það sem vel er gert og hvað má betur fara. Árið 2016 byrjaði skólinn að framkvæma kannanir í INNU og eru þær lagðar fyrir þegar u.þ.b. 3 vikur eru eftir af kennslu viðkomandi námsannar. Matinu er skipt upp í eftirfarandi flokka: Áfanginn (5 sp.), nemandinn (3 sp.), kennslan (4 sp.) og kennarinn (3 sp.). Allir kennarar fá niðurstöður birtar í INNU auk þess sem samantekt er dreift á hvern og einn kennara þar sem koma fram meðaleinkunnir eftir kennslu- og kennaraspurningum.

Námsgreinar í kennslukönnunum frá hausti 2016 til vors 2018.


|       |     |  |
|-------|-----|--|
| 2016H | 94  | Íslenska, saga og félags- og skapandi greinar    |
| 2017V | 80  | Raungreinar, stærðfræði og hússtjórn             |
| 2017H | 103 | Erlend tungumál                                  |
| 2018V | 99  | Íslenska, saga og félags- og skapandi greinar    |
| 2018H | ?   | Raungreinar, stærðfræði, hússtjórn og líkamsrækt |

## Meðaleinkunnir eftir kennslu- og kennaraspurningum



Mynd 8 Meðaleinkunn eftir kennslu- og kennaraspurningum

Óverulegur munur er á kennslu- og kennarabætti í kennslukönnun. Smávægilegur munur getur verið á milli missera enda kennslukönnun lögð fyrir í mismunandi námsgreinum á hverri önn. Ef síðustu fjórar námsannir eru skoðaðar þá eru raungreinar, stærðfræði og hússtjórn að fá hæstu meðaleinkunnina.



Mynd 9 Svörun í kennslukönnun

Í kjölfar kennslukönnunar eru kennarar kallaðir í viðtal hjá stjórnendum þannig að þeir fái endurgjöf á matið.

**Markmið:** Að svörun í kennslukönnun sé yfir 60% og að kennarar fái endurgjöf á niðurstöðu.


## 2.8 Tölulegar upplýsingar

Að venju voru framkvæmdar ýmsar gagnagreiningar á árinu. Niðurstöður eru nýttar af skólastjórnendum við skipulag skólastarfs, umræðu á kennarafundum og/eða sendar deildum til umfjöllunar.

Úr skólakerfinu, Innu, er hægt að nálgast ýmis gögn á misauðveldan hátt. Bæta mætti ferlið hjá okkur við það að safna upplýsingum t.d. með því að taka út lista af gögnum á sama tímapunkti hverja önn svo samanburður verði betri.

### 2.8.1 Fjöldi nemenda


Fjöldi nemenda í MH er oftast í kringum 1200. Fjöldinn er meiri að hausti en vori sem skýrist af útskrift um jólin og færri nýjum nemendum sem eru teknir inn á vorönn á móti.



Mynd 10 Fjöldi nemenda í MH á hverju skólaári er mjög svipaður

### 2.8.2 Aldur nemenda


Aldur nemenda í MH getur teygst sig yfir stórt bil þar sem skólinn er áfangaskóli og nemendur geta ráðið sínum námshraða að stórum hluta sjálfir. Margir nemendur taka sér hlé frá námi í lengri tíma en koma svo aftur og vilja klára. Nýnemar haustsins 2017 voru allir fæddir 2001 fyrir utan 7 nemendur sem eru fæddir 2002. Einn af þeim var á IB braut, hinir ári á undan í skóla úr íslenska skólakerfinu.



Mynd 11 Nemendur í MH geta verið á öllum aldri

### 2.8.3 Fjöldi útskrifaðra nemenda í MH frá hausti 2014 – vors 2018

Að jafnaði útskrifast fleiri nemendur að vori en um jól. Vegna tilfærslu nemenda milli þriggja og fjögurra ára stúdentsbrauta var jólaútskriftin haust 2017 sú stærsta í sögu skólans. Að jafnaði ættu um 25-33% nemenda að útskrifast á hverju ári, þ.e. samtals í desember og maí.




Mynd 12 Útskriftir í MH eru mjög fjölmennar og munur á milli fjölda um jól eða vor fer minnkandi.

Flestir okkar nemenda útskrifast á þremur og hálfu ári og skv. aldurskiptingu sést að 68% nýstúdentanna haustið 2017 voru 19 ára á árinu 2017. Elsti útskriftarnemandinn var 26 ára en sá yngsti 17 ára.

| Aldur | Vor 2017 | Haust 2017 | Vor 2018 |
|-------|----------|------------|----------|
| 17    | 0        | 1          | 0        |
| 18    | 2        | 3          | 8        |
| 19    | 24       | 121        | 67       |
| 20    | 115      | 44         | 79       |
| 21    | 11       | 10         | 8        |
| 22    | 5        | 2          | 3        |
| 23    | 1        | 0          | 2        |
| 24    | 1        | 2          | 1        |
| 25    | 0        | 0          | 0        |
| 26    | 0        | 0          | 2        |

| Aldur | Vor 2017 | Haust 2017 | Vor 2018 |
|-------|----------|------------|----------|
| 17    | 0%       | 1%         | 0%       |
| 18    | 1%       | 2%         | 5%       |
| 19    | 16%      | 68%        | 44%      |
| 20    | 89%      | 92%        | 91%      |
| 21    | 96%      | 98%        | 95%      |
| 22    | 99%      | 99%        | 97%      |
| 23    | 99%      | 99%        | 98%      |
| 24    | 100%     | 100%       | 99%      |
| 25    | 100%     | 100%       | 99%      |
| 26    | 100%     | 100%       | 100%     |

Fyrri taflan sýnir aldur útskriftarnema og seinni sýnir uppsafnaða hlutfallstíðni aldurs útskriftarnema.



Mynd 13 Um jólin 2017 voru flestir nýstúdentar 19 ára.


## 2.9 Nýnemar

Nýnemar á hverju hausti eru settir í lífsleikniáfangu og hafa sama umsjónarkennara fyrstu tvær annirnar. Stundum heldur umsjónarkennarinn áfram með hópinn sinn og þá gætu nemendur verið með einn umsjónarkennara út allan námstímann. Umsjónarkennarinn fylgist með námsframvindu og er nemendum til upplýsinga og aðstoðar á meðan á námi stendur.

Hefðbundin busavígsla nýnema var lögð af haustið 2017. Þess í stað er nemendum safnað saman í leikfimisal skólans undir stjórn nemendafélagsins. Eftir venjulegan kennsludag er farið upp í Öskjuhlíð, upp að Beneventum og nýnemarnir vígðir inn í NFMH.

Foreldrar nýnema fá kynningu á skólastarfinu í byrjun annar og hefur sú kynning verið vel heppnuð. Farið er yfir starfsemi skólans, umhverfi nemendanna og helstu starfsmenn kynntir. Kórinn hefur sungið og veitingar seldar til styrktar þeim. Foreldrar og forráðamenn svara könnun um skólann og innra starf hans eftir kynninguna. Svör við könnuninni hafa orðið til þess að ýmsu hefur verið breytt. Eitt af því sem óskað var eftir var að kynningarfundur væri fyrir á önninni og var brugðist við því haustið 2018. Margir foreldrar vilja að skólinn sé með heitan mat í hádeginu og það er spurning hvort að það sé verkefni sem megi skoða. Foreldrafélag skólans heldur fundi og kynningar sem foreldrum er boðið að taka þátt í, jafnvel í samstarfi við aðra skóla. Almennt voru foreldrar og forráðamenn ánægðir með móttöku nýnema.

Haust 2017 voru samþykktar 328 umsóknir nemenda sem voru að ljúka grunnskóla. Flestir nýnemar innrituðust á opna braut.




Mynd 14 Nýnemar velja sér braut við innritun en nokkrir skipta um braut yfir námstímann eða taka jafnvel tvær brautir

Opna brautin er langvinsælust en þar gefst nemendum kostur á að velja sér sjálfir hvaða námsgreinar þeir vilja leggja áherslu á. Þeir velja sér 3 – 4 kjörgreinar og þurfa að taka 25 einingar í fyrstu kjörgrein og 15 í hinum þremur. Samsetning kjörgreina er mjög mismunandi og sýnir oft mikið hugmyndaflug. Ef nemandi velur t.d. stærðfræði sem sína fyrstu kjörgrein þá endar hann með á bilinu 7 – 10 áfanga í stærðfræði (35 – 50 einingar). Ef nemandi velur íslensku sem sína fyrstu kjörgrein þá getur hann verið með 10 – 15 áfanga (50 – 75 einingar) í íslensku.

Nemendur sem koma inn í skólann eru flestir með góðar einkunnir og er oft mikil samkeppni að komast inn.


Langflestir nemendur sem innritast í skólann eru með B+ og B í einkunn í stærðfræði og íslensku. Athygli vekur að fleiri nemendur innritast með A í stærðfræði en í íslensku en svo eru fleiri nemendur með B í íslensku en í stærðfræði. Þeir nemendur sem koma fram með stjørnumerktar einkunnir gætu haft annað móðurmál en íslensku.



Mynd 15 Allir grunnskólar gefa lokaeinkunn upp úr 10. bekk í bókstöfum.

### 2.9.1 Árangur nýnema í fyrstu áföngum í íslensku, stærðfræði og ensku


Nemendur eru valdir inn í skólann á grundvelli einkunna. Því er áhugavert að skoða hversu vel þeim gengur í fyrstu áföngunum sem þau taka í skólanum.



Mynd 16 Einkunnirnar að baka þessum meðaleinkunnum er flestar frá nýnemum.

Tvöföld hraðferð er skilgreind þannig að efni tveggja fyrstu áfanga fagsins er tekið saman í einn áfanga. Miðað er við að nemendur geti farið á annan hátt í gegnum efnið þar sem þeir hafi góðan undirbúning. Nýnemar eru að jafnaði með hæstu einkunnirnar í ensku og er munur milli ára ómarktækur. Nokkur munur er á árangri nýnema í tvöföldu hraðferðunum í íslensku og lækkar t.d. meðaleinkunn úr 8,0 í 6,5 milli árána 2015 og 2017. Í stærðfræði hafa einkunnir lækkað úr 8,0 í 7,1. Erfitt er að geta sér til um skýringar en nokkur munur getur verið á þeim nemendum sem innritast í áfangana hverju sinni.






Mynd 17 Athygli vekur að meðaleinkunn hefur lækkað á milli skólaára

Athygli vekur að meðaleinkunn hefur lækkað milli skólaára sem er áhyggjuefni og þarfnast nánari skoðunar.

**Markmið:** Laða að fjölbreyttan hóp nýnema, bæta móttöku nýnema og veita nýnemum fjölbreyttan stuðning.

## 2.10 Námsbrautir

Menntaskólinn við Hamrahlíð býður upp á nám á sex brautum til stúdentsprófs auk sérnámsbrautar og IB-brautar (International Baccalaurate). Með styttingu náms til stúdentsprófs voru hannaðar nýjar námsbrautir þar sem nemendur ljúka 215 einingum. Flestir nemendur stunda nám á opinni braut (36%) og náttúrufræðibraut (28%). Nemendum hefur fækkað á mála- og félagsfræðibraut með tilkomu opnu brautarinnar enda geta nemendur á opinni braut valið sér sérhæfingu sem hæfir best því námi sem þeir hyggjast leggja stund á í framtíðinni.



Málabraut, náttúrufræðibraut, opin braut og félagsfræðibraut fóru í staðfestingarferli árið 2017. Í fyrstu atrennu staðfestingar þurfti að gera smávægilegar breytingar samkvæmt athugasemdum Menntamálastofnunar. Námsbrautirnar voru sendar aftur í staðfestingarferli í lok árs 2017 og samþykktar á vormánuðum 2018. Stefnt er að því að koma listdansbraut og tónlistarbraut í staðfestingarferli á árinu 2019.

Markmið: Að ljúka staðfestingarferli fyrir allar námsbrautir og halda úti fjölbreyttu námi sem býður upp á sérhæfingu.

#### 2.10.1 IB-brautin

Menntaskólinn við Hamrahlíð hefur boðið upp á IB-nám síðan 1997. Til að mega bjóða upp á IB-nám þarf að fara gegnum strangt umsóknarferli IB-samtakanna (IBO) og uppfylla ýmis skilyrði. Eitt skilyrðanna er að framkvæma sjálfsmat á fimm ára fresti. Síðustu skýrslu var skilað í apríl 2018. Allir IB-kennarar komu að sjálfsmatinu ásamt stjórnendum, námsráðgjöfum, nemendum og foreldrum. IBO fór yfir skýrsluna og skilaði endurgjöf ásamt því að fylgja endurgjöfinni eftir með viðtali við stjórnendur skólans.

Almennt stendur skólinn sig ágætlega og uppfyllir flest skilyrði IB-samtakanna. Skólinn hefur t.d. gott CAS prógramm og styður vel við nemendur þegar þeir velja IB-námsgreinar. Skólinn ber virðingu fyrir mismunandi þjóðerni og ólíkum menningarbakgrunni t.d. með því að bjóða upp á sjálfsnám í erlendum móðurmálum með stuðningi móðurmálskennara.

Í endurgjöfinni komu fram athugasemdir sem bæta þurfti úr strax. Þar má nefna námskeiðsferðir kennara og fundaáætlun deildarinnar. Við þessu hefur nú þegar verið brugðist og hafa kennarar farið á námskeið eða eru rétt ófarnir og fundaáætlun hefur verið sett fram.

Sem dæmi um efni til úrbóta væri að endurmeta “academic honesty” stefnu skólans. Deildin þarf að tilnefna tvo ATL-leiðtoga og senda á námskeið, rektor þarf að fara á námskeið, endurnýja þarf IB-auglýsingabækling, útbúa þarf kynningarpakka fyrir nýja IB-kennara, skólinn er hvattur til að taka þátt í alþjóðlegum verkefnum og/eða vinna með öðrum IB-skólum og fleira. Skólinn hefur fimm ár til að sinna þessum úrbótum.

Markmið: Að bjóða upp á alþjóðlegt stúdentsnám sem laðar að fjölbreyttan hóp nemenda af ólíku þjóðerni.


#### 2.11 Stöðumat

Skólinn hefur boðið nemendum upp á stöðumat í fjölmörgum tungumálum, m.a. spænsku, ensku, dönsku, þýsku, ítölsku, frönsku, hollensku, víetnömsku, persnesku, pólsku, o.fl. Vandasamt er að finna matsmann/kennara í sumum þessara tungumála en nokkur vinna hefur fallið á starfsfólk skólans vegna þessa. Nemendur eru ánægðir með þessa þjónustu og hefur skipulag stöðumats verið á hendi námstjóra tungumála. Hingað til hefur þessi þjónusta verið nemendum að kostnaðarlausu.

Markmið: Að bjóða upp á stöðumat í tungumálum sem nemendur MH óska eftir.

#### 2.12 Skólasókn

Skólasókn nemenda er með ágætum og hátt hlutfall nemenda (20%) sem fær 10 í einkunn og um 50% nemenda er með yfir 9 í skólasóknareinkunn. Um leið og nemendur fara undir 80% viðmiðið eru þeir kallaðir til áfangastjóra og fara í viðtal hjá náms- starfsráðgjöfum.



Mynd 18 Á bilinu 60 - 70% nemenda eru með einkunnina 8 – 10.

Ofangreind mynd sýnir að fleiri nemendur eru með hærra einkunnir að hausti en að vori en skýringin er að þá eru fleiri nemendur í skólanum. Það er vissulega gleðiefni að mæting nemenda er almennt séð með ágætum.


Þegar farið er yfir mætingar í lok hvernna annar þá fá þeir sem eru með langtímavottorð eða eru undir sérstöku eftirliti námsráðgjafa einkunnina *staðið* í staðinn fyrir *fall*. Þeir sem eru með einkunnina *fall* hafa svo sannarlega ekki mætt vel og hafa ekkert sér til málsbóta.

|              | Fall | Staðið | Einkunn 5 - 7 | Einkunn 8 - 10 |
|--------------|------|--------|---------------|----------------|
| <b>V2016</b> | 3%   | 7%     | 31%           | 59%            |
| <b>H2016</b> | 2%   | 5%     | 25%           | 67%            |
| <b>V2017</b> | 4%   | 5%     | 31%           | 60%            |
| <b>H2017</b> | 4%   | 5%     | 26%           | 65%            |
| <b>V2018</b> | 6%   | 7%     | 31%           | 56%            |

**Markmið:** Endurskoða skólasóknarreglur og stuðla að betri skólasókn nemenda.

### 2.13 Afföll og nýtingarhlutfall

Á hverju skólaári er stefnt að því að nýtingarhlutfall í áföngum sé í kringum 95% og að afföll úr áföngum fari ekki yfir 5%. Síðastliðin tvö ár hefur tekist að ná viðkomandi markmiði með góðum árangri. Skólinn hefur reynt að bregðast við með því að auka stoðþjónustu. Nemendum sem segja sig úr áfanga eða námi er gert að ræða við náms- og starfsráðgjafa auk námstjóra áður en til ákvörðunar kemur með það að markmiði að finna önnur úrræði.



Mynd 19 Afföll úr áföngum hafa verið ýmist ofan eða neðan við 5% viðmiðið.

**Markmið:** Að nýtingarhlutfall verði a.m.k. 95% á hverri önn (átt er við hlutfall heildareininga til prófs/námsmats hjá nemendum á móti skráðum einingum).

## 2.14 Náms- og starfsráðgjöf

Þrjár náms- og starfsráðgjafar starfa við MH í 2,6 stöðugildum. Margvíslegar ástæður liggja að baki komu nemenda til náms- og starfsráðgjafa. Þær eru ýmist tengdar ráðgjöf í tengslum við nám s.s. vinnulag, tímastjórnun, val, prófundirbúning, frestun, námserfiðleika eða skólaskipti. Persónulegir erfiðleikar nemenda eru einnig stór hluti af starfi náms- og starfsráðgjafa. Má þar nefna þætti eins og veikindi nemenda, kynhneigð, vímuefnavanda, fátækt, ofbeldi, átröskun, skólasókn, streitu og geðræna erfiðleika. Einnig koma mál sem varða samskipti milli einstakra nemenda og/eða milli nemenda og kennara inn á borð náms- og starfsráðgjafa.

Nemendur sem þurfa aðstoð yfir lengri tíma frá náms- og starfsráðgjöfum eru sérstaklega skráðir hjá viðkomandi ráðgjafa í Innu. Þetta voru 268 nemendur, 168 stúlkur og 100 drengir skólaárið 2017-2018. Þessir nemendur koma oftast en ekki vikulega og oft er einnig samstarf við foreldra þeirra og jafnvel sérfræðinga utan skólans. Almenn aðgengi að ráðgjöfum er mjög gott í MH og nýtir fjöldinn allur af nemendum sér þjónustu þeirra. Sumir koma aðeins einu sinni á meðan aðrir koma oftast. Mikil ásókn er í viðtöl í upphafi annar, kringum val nemenda og á álagstímum hvað varðar verkefnaskil og próf. Náms- og starfsráðgjafar finna fyrir auknu álagi á nemendur þar sem stundaskrár þeirra eru þéttskipaðri en áður vegna styttingar framhaldsskólans úr fjórum árum í þrjú og því er meiri tímasókn, undirbúningur og verkefnaskil hjá hverjum nema. Þetta veldur þeim mörgum hverjum áhyggjum og streitu.

Skimunarpróf vegna brotthvarfs var lagt fyrir alla nýnema MH að frátöldum þeim sem hófu nám á sérnámsbraut og alþjóðlegri námsbraut. Svörun var mjög góð en aðeins einn nemandi tók ekki prófið. Í ljós kom að 28 nemendur mældust með samtals sjö eða fleiri áhættuþætti af 16 og teljast því í brotthvarfshættu. Við athugun á námsárangri þeirra við annarlok kom í ljós að 12 þeirra höfðu fallið á önninni þ.e. ekki náð lágmarksfjölda eininga eða 16. Tveir þessara nemenda hættu í skólanum áður en kom að prófum og fimm þeirra ákváðu að fara í aðra skóla að lokinni önninni.

Nemendum í brotthvarfshættu er boðin aðstoð í formi hópráðgjafar sem sett er inn í stundaskrá þeirra og nefnist STUD1AB00. Náms- og starfsráðgjafi hittir þessa nemendur 1x í viku á önninni og önnina á eftir mæta þeir til náms- og starfsráðgjafa í 3 viðtöl, í upphafi annar, um miðbik hennar og í lok annarinnar. Markmið tímanna er að halda vel utan um þennan hóp með kennslu í námstækni, utanumhaldi á mætingu og þeim stuðningi við námið sem hver og einn þarf á að halda. Á önninni

fengu nemendurnir einnig þrjú skipulögð einstaklingsviðtöl hjá náms- og starfsráðgjafa og möguleika á fleirum ef þeir óskuðu sem margir nýttu sér.

Markmið: Að bjóða upp á víðtæka stoðþjónustu sem nemendur eru duglegir að nýta sér.

## 2.15 Námsverið

Í námsverið leitar fjölbreyttur hópur nemenda skólans sem á í námslegum, félagslegum eða tilfinningalegum vanda. Erfiðleikar nemenda eru sértækir þannig að öll aðstoð er einstaklingsmiðuð. Aðstoðin er fyrst og fremst aðstoð við heimanám, aðstoð við að skilja texta í námsefni og verkefnum og við yfirlestur ritgerða og verkefna. Einnig er mikið um aðstoð við fyrstu tvo áfangana í stærðfræði. Í námsveri starfa tveir kennarar.

Á vorönn 2017 þáðu 50 nemendur þjónustu í námsveri og 58 um haustið. Þetta þýðir að tæplega 5% nemenda skólans þiggja aðstoðina þótt námsráðgjafar kynni hana töluvert fleirum.

[Ársskýrslur námsversins má finna á heimasíðu skólans.](#)

Markmið: Að auka nýtingu og heimsóknir nemenda í námsver.

## 2.16 Sálfræðingur

Haustið 2016 var ráðinn sálfræðingur í nýtt starf við MH í 75% starfshlutfall. Lagt var upp með að hlutverk sálfræðingsins væri að bjóða upp á almenna skólasálfræðiþjónustu og útfæra starfið í samstarfi við starfsfólk skólans og nemendur. Skyldi sálfræðingur þjónusta og styðja nemendur í formi viðtala, ráðgjafar, fræðslu og námskeiða. Miðað var við að nemendum stæði til boða að panta viðtöl hjá sálfræðingnum þar sem fram færi almenn ráðgjöf og mat á vanda þar sem áhersla væri á fyrirbyggjandi inngrip og forvarnavinnu.

Eftirfarandi atriði hafa verið höfð til hliðsjónar við uppbyggingu á sálfræðiþjónustu í MH síðustu tvö ár. Áhersla hefur verið á að vinna gegn brotthvarfi og bjóða nemendum upp á viðtöl sem fela í sér almenna ráðgjöf, mat á vanda og stuðning. Markmiðið er að þjónustan einkennist af fyrirbyggjandi inngripi þar sem miðað er við að nemendur geti fengið 3-4 viðtöl hjá sálfræðingi skólans sér að kostnaðarlausu. Einnig hefur verið gert ráð fyrir að sálfræðingurinn haldi námskeið og fyrirlestra fyrir nemendur, foreldra og kennara.

Ljóst er að fjölbreyttar ástæður eru fyrir því að nemendur leita til sálfræðings skólans. Til að fá yfirlit yfir þjónustuna sem nemendur hafa þörf fyrir var skráð niður af hvaða ástæðu nemendur leituðu til sálfræðingsins. Af svörum nemenda má sjá að stór hluti leitaði ráðgjafar vegna breytingar á andlegri líðan, kvíða, vanlíðan og streitu. Einnig er stór hópur sem tiltekur erfiðar aðstæður heima fyrir sem og uppákomur í einkalífinu. Helsta breytingin á milli ára er að fleiri nemendur leita til sálfræðings skólans í tengslum við námsleiða. En einnig eru vísbendingar um að nemendur upplifi meiri streitu/álag og fleiri nemendur koma þetta árið hlutfallslega til sálfræðings vegna einhverra atvika í einkalífinu.

[Ásskýrslu sálfræðings má finna á heimasíðu skólans.](#)

Markmið: Að gera sálfræðiþjónustu í MH aðgengilegri nemendum og fjölga nemendum sem nýta sér þjónustuna.

### 2.16.1 Skólapúlsinn

Skólinn notar sjálfsmatsskerfið Skólapúlsinn til að fylgjast með og bæta innra starf skólans. Líður í því er að spyrja úrtak nemenda í skólanum spurninga um líðan þeirra, virkni í náminu og um skóla- og bekkjaranda.

Eftirtaldir þættir eru metnir: Vellíðan, lífshamingja, kvíði, þunglyndi, stjórn á eigin lífi, sjálfsálit, svefnvenjur, samsömun við nemendahópinn, viðhorf til skólans, stuðningur kennara, samband við kennara, einelti, áreitni og ofbeldi.

Umhugsunarefni er að 51,1 % nemenda MH greina frá því að hafa sjaldan eða aldrei verið útsofnir eftir nætursvefn síðustu 30 daga. Virðist svipuð þróun eiga sér stað hjá nemendum í samanburðarskólum þó svo að nemendur MH meti svefn sinn nokkru minni að jafnaði.

Um 25% nemenda greina frá því að hafa orðið fyrir einhvers konar áreitni eða ofbeldi síðustu 2 mánuðina í skólanum eða á viðburðum á vegum skólans. Vegur þar stærst að um 16% nemenda greina frá því að hafa verið niðurlægðir fyrir framan aðra.

Heilt yfir þá benda niðurstöður framhaldsskólapúlsins 2017-2018 til þess að svör nemenda MH varðandi námsumhverfi, virkni í námi og líðan séu í mörgum matsþáttum sambærileg við samanburðarskólana. Hollusta nemenda gagnvart skólanum er á uppleið og þunglyndis- og kvíðaeinkenni eru að lækka núna annað árið í röð.

Í núverandi könnun eru vísbendingar um að nemendur í MH sofi minna en nemendur í samanburðarskólunum og fjöldi nemenda sem upplifir áreitni og ofbeldi er umhugsunarefni fyrir skólasamfélagið í heild sinni.

[Skýrslu sálfræðings um framhaldsskólapúlsinn má finna á heimsíðu skólans.](#)

**Markmið:** Að fylgjast með líðan nemenda og virkni í námi.

### 2.17 Umhverfismál

Umhverfisnefnd hefur ekki verið mjög virk síðan 2016 þegar skólinn fékk afhentan Grænfána í fyrsta sinn. Það þýðir þó ekki að umhverfismálum hafi ekki verið sinnt síðan þá en betur má ef duga skal.

Nemendur fá hafragraut á morgnana og var gert átak í því haustið 2017 að fá nemendur til að mæta með sínar eigin skálar undir grautinn. Átakið gekk ekki nógu vel og endaði með því að nemendur hættu að fá sér graut.

Í skólanum er boðið upp á áfanga tengda umhverfisfræðslu í líffræði sem hefur verið kenndur í mörg ár. Auk þess var boðið upp á nýjan áfanga í umhverfissálfræði á haustönn 2017 sem um 90 nemendur völdu. Þeir gerðu meðal annars verkefni í tengslum við plastlausan september 2017. Eitt af umræðuefnum skólaþings vorið 2018 snerist um umhverfi skólans og umhverfisvernd. Niðurstöður og helstu punkta má finna á [www.padlet.com/helgaj/skolathing](http://www.padlet.com/helgaj/skolathing).

Umhverfisráð Nemendafélags MH stendur ávallt fyrir umhverfisviku á vorönn. Vorið 2018 tóku nemendur höndum saman og hreinsuðu tyggjóklessur undan borðum í stofum og á Matgarði.

Við skólann er framúrskarandi aðstaða fyrir þá sem hjóla í skólann. Stefnt er að því að gera könnun á meðal nemenda og starfsfólks um hversu margir nýta sér umhverfisvænar samgöngur til og frá skóla.


**Markmið:** Fá nemendur til að koma með einnota ílát undir grautinn, að fjölga nemendum og starfsfólki sem nota umhverfisvænar samgöngur.

### 2.18 Jafnréttismál


Menntaskólinn við Hamrahlíð leggur áherslu á jafnrétti og líður ekki mismunun á grundvelli kyns, kynhneigðar, uppruna, fötlunar, efnahags eða annarra þátta sem varða félagslega stöðu einstaklinga og hópa. Meðal verkefna jafnréttisnefndar var að gera endurbætur á jafnréttisáætlun skólans, birtar í október 2018. Jafnréttisstarf nemenda er virkt og leggur nefndarfólk áherslu á að vera aðgengilegt nemendum og funda með Femínistafélaginu Emblu og Hinsegin félaginu Blur.

Hér má lesa [jafnréttisáætlun MH](#) í heild sinni.


Stefnt er að því að skoða jafnréttisvísa innan skólans og fylgja hér með tölur sem eiga við haustið 2018.



Mynd 20 Kynjahlutföll skv. skipuriti skólans haust 2018



Mynd 21 Kynjahlutföll meðal nemenda haust 2018



Mynd 22 Kynjahlutföll fyrir hinar ýmsu nefndir og teymi starfsmanna

**Markmið:** Að halda gildum jafnréttis á lofti og stuðla að framþróun þeirra mála innan skólans.

## 2.19 Heilsueflandi framhaldsskóli

Starf heilsueflandi teymis MH hefur verið fjölbreytt og litskrúðugt. Veturinn 2017 til 2018 voru ýmis verkefni unnin í samræmi við markmið heilsueflandi framhaldsskóla.

- Samin var heilsustefna MH þar sem áhersla er lögð á næringu, hreyfingu, geðrækt og lífsstíl. Heilsustefna er komin á heimasíðu skólans.
- Facebooksíðu verkefnisins var haldið á lofti og ýmislegt fróðlegt birtist þar t.d. um próf, næringu, sykur og hreyfingu.
- Unnið var með verkefnið Plastlaus september þar sem um 90 nemendur tóku þátt í að kynna sér málefnið og kynna það fyrir öðrum. Einnig settu nemendur sér 3 markmið fyrir mánuðinn og kynntu fyrir kennara og nemendum.
- Styrkur fékkst frá Lýðheilsusjóði fyrir ýmiss konar fræðslu og uppákomur (500.000 kr).
- Íþróttakennarar sáum um Gleðihlaup MH í september þar sem markmiðið var að taka þátt og hafa gaman.
- Fræðsla um líkamsvirðingu í október fyrir nemendur og starfsfólk.
- Sálfræðingur skólans bauð nemendum upp á námskeið um prófkvíða og álag.
- Í janúar var boðið upp á fræðslu um einmanaleika fyrir nemendur og starfsfólk.
- Leiklistarkennari skólans bauð vikulega upp á Thai Chi í hádeginu.
- Nemendur og starfsfólk tóku virkan þátt í Lífshlaupinu og hlutu nemendur silfurverðlaun.
- Boðið var upp á fræðslu um jákvæð samskipti fyrir starfsfólk MH.
- Boðið var upp á matreiðslunámskeið fyrir starfsfólk MH með áherslu á holla rétti.
- Starfsfólk MH tók þátt í Hjólað í vinnuna.
- Sálfræðikennarar skólans buðu nemendum að tjá óskir sínar og hugmyndir með hugmyndakassadegi.
- Tekið var við smokkasjálfsala sem var gjöf frá Landlæknisembættinu.

Langur og flottur listi sem sýnir að vel er haldið utan um verkefnið Heilsueflandi framhaldsskóli.

Markmið: Halda áfram með verkefnið

## 3 Samantekt og umbætur

Sjálfsmat er gert til að stofnun eins og MH viðhaldi því sem vel er gert, bæti það sem má bæta og lagi það sem er að. Sjálfsmatið á að vera ferli sem er gengum gangandi allt skólaárið og fylgir ákveðinni áætlun. Sjálfsmatsáætlun skólans þarf að endurskoða og endurvinna í takt við breytta tíma og áherslur hverju sinni. Það verk mun hefjast sem fyrst og mun gera vinnu við sjálfsmatsskýrslu auðveldari og markvissari.

Miklar mannabreytingar hafa orðið á stjórnendum skólans undanfarnar annir og það hefur haft áhrif á hvernig sjálfsmatsskýrslan er unnin og hvaða ferlum er fylgt. Það sem þarfnast meiri skoðunar er t.d. gagnasöfnun á ákveðnum tímamörkum yfir önnina er varðar nemendur á ákveðnum tíma eins og t.d. fjöldatölur í áföngum og mætingar. Enn fremur þarf að festa betur hvaða kannanir eru gerðar og hver tilgangur þeirra er. Einnig er umhugsunarefni hvort skýrslan eigi að vísa til almanaksársins eða skólaársins.

Það eru ýmis atriði sem má bæta og vinna meira í og væru þess virði að skoða vel fyrir árið 2018 – 2019.

### 3.1 Verkefni skólaársins 2018 – 2019

Eftirfarandi verkefni eru í gangi eða eru að hefjast skólaárið 2018 -2019



| Lýsing  | Lokið | Í vinnslu | umsjón              |
|---|-------|-----------|---------------------|
| <b>Brautauppbygging</b>   |       |           |                     |
| Setja brautauppbygginguna upp í Innu. Athuga vel uppröðun á atriðum, flokkun í val eða bundið áfangaval. Líka skoða vel hvort tiltaka eigi áfanga innan flokks eða ekki. Skoða miðað við vinnusparnað í yfirfærslu hjá nemanda og sjálfvirkni í Innu. |       | október   | Námstjórar          |
| <b>Töflubreytingar</b>  |       |           |                     |
| Töflubreytingar í Innu – nemendur sækja um í Innu   | x     |           | Töflusmiðir         |
| <b>Tölvur</b>   |       |           |                     |
| Borðtölvur – teknar úr flestum kennslustofum  | x     |           | Netstjóri           |
| Kennarar með eigin fartölvur  | x     |           | Netstjóri           |
| Heimasíðan – uppfærsla yfir í nýja heimsíðu   |       | x         | Námstjóri/konrektor |
| Kennarar fara í skýið   | x     |           | Netstjóri           |
| Nemendur fara í skýið   |       |           | Netstjóri           |
| Sameignarsvæði í skýið  |       |           | Netstjóri           |
| <b>Nýnemar</b>  |       |           |                     |
| Nýnemavika – fyrsta kennsluvika   | x     |           | NFMH                |
| Foreldrakynning fyrr á önninni – í 3. viku  | x     |           | Stjórnendur         |
| Fréttablað (1) til forráðamanna   | x     |           | Rektor              |
| Fréttablað (2) til forráðamanna   |       |           | Rektor              |
| <b>Skjalastjórn</b>   |       | x         |                     |
| Vinna við skjalstjórn hafin   |       | x         | Skjalastjórar       |
| <b>NFMH</b>   |       |           |                     |
| Umgengni á Matgarði og Norðurkjallara   |       | x         | NFMH/ Stjórnendur   |
| <b>Kannanir</b>   |       |           |                     |
| Foreldrakönnun  |       | x         | Konrektor           |
| Starfsmannakönnun   |       |           | Rektor              |
| Þjónustukönnun  |       |           | Rektor              |
| Könnun eftir októberlotu – kennarar   |       |           | Konrektor           |
| Könnun eftir októberlotu – nemendur   |       |           | Konrektor           |
| <b>Starfsánægja</b>   |       |           |                     |
| Senda kennara á kennsluráðstefnu - Bett   |       |           | Stjórnendur         |
| Breyttur opnunartími skólahúsnæðis  |       |           | Húsvörður           |
| Minnka yfirvinnuálag á kennara  |       |           | Rektor              |
| Upphækkunleg borð   | x     |           | Stjórnendur         |

|   |  |  |                 |
|---|--|--|-----------------|
| Flokkun á plasti  |  |  | Stjórnendur     |
| Jafnréttismál   |  |  |                 |
| Aðstaða fatlaðra í Norðurkjallara                           |  |  | Stjórnendur     |
| Gefa út jafnréttisvísa fyrir helstu stærðir í skólasterfinu |  |  | Jafnréttisnefnd |